



Stjórn kjördæmisráðs, talið frá vinstri: Lárus Ág. Gíslason, Jón Pálsson, séra Sigurður Haukdal, Páll Scheving og Sigurður Björnsson.

Kjördæmisráð

Framh. af bls. 1. Ingólfur Jónsson, landbúnaðarráðherra setti fundinn og skýrði frá tildrögum hans. — Fundarstjóri var kjörinn séra Sigurður S. Haukdal, Bergþórhvoli og fundarritari Páll Björgvinsson, Efra-Hvoli, Rangárvalla sýslu.

Þá flutti Þorvaldur Garðar Kristjánsson, framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, erindi um starfsemi og skipulag Sjálfstæðisflokksins og skýrði uppkast að lögum fyrir kjördæmisráðið, sem lagt var fyrir fundinn.

Tvær nefndir voru kosnar á fundinum, laganefnd og uppstillingarnefnd. Hlé var gert á fundinum meðan nefndir störfuðu og þágu fundarmenn rausn arlegar veitingar í boði Fulltrúaráðs Sjálfstæðisfélaganna í Rangárvallasýslu.

Eftir fundarhlé voru tekin fyrir álit nefnda. Framsögumaður laganefndar var Páll Scheving, Vestmannaeyjum. — Fundarinn samþykkti síðar lög fyrir kjördæmisráðið.

Framsögumaður uppstillingar nefndar var Einar H. Eiríksson, bæjarritari, Vestmannaeyjum.

Í stjórn voru kosnir séra Sigurður S. Haukdal, formaður, Jón Pálsson, fyrrv. dýralæknir, Seifossi, Páll Scheving, Vestmannaeyjum, Siggeir Björnsson, hreppstjóri, Holti og Lárus Ág. Gíslason, hreppstjóri, Miðhúsum, Hvolhreppi. Í varastjórn voru kosnir Sigurjón Sigurðsson, bóndi, Raftholti, Sigfús Jóhansen, kennari, Vestmannaeyjum, Ásgeir Pálsson, hreppstjóri, Framnesi, Dyrhólahreppi, Sigmundur Sigurðsson, oddviti, Syðra-Langholti og Róbert Róbertsson, bifreiðastjóri, Biskupstungum.

Ennfremur fór fram kosning fulltrúa Suðurlandskjördæmis í flokksráð Sjálfstæðisflokksins. Kosnir voru séra Sigurður S. Haukdal, Siggeir Björnsson, Holti, séra Jónas Gíslason, Vík, Sigurjón Sigurðsson, Raftholti, Jóhann Friðfinnsson, Vestmannaeyjum og Helgi Jónsson, bankafulltrúi, Seifossi. Varamenn í flokksráð voru kosnir Jón Þorgilsson, verzlunarmaður, Hellu, Gunnar Sigurðsson, bóndi, Seljatungu, Bjarni Ólafsson, bóndi, Króki, frá Oddný Bjarnadóttir, Vestmannaeyjum, Einar H. Ei-

ríksson, Vestmannaeyjum og Ari Þorgilsson, tímavörður, Vík.

Að loknum stofnfundarstörfum hélt formaður Sjálfstæðisflokksins, Bjarni Benediktsson, ræðu. Hóf hann ræðu sína með því að lýsa ánægju sinni með fundinn og kvað hann mjög mikilvægt að koma á því nýja skipulagi flokksins, sem nú er unnið að. Flutti formaður ýtarlega ræðu um stjórnmalaviðhorfið. — Kom hann víða við, en talaði einkum um efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og árangur hennar og kom inn á hin þýðingarmestu mál, svo sem kaupgjaldsmálin, framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar og efnahagsbandalag Evrópu. Lauk hann ræðu sinni með þróttmiklum hvatningarorðum til fundarmanna og hét á þá að duga vel

í baráttunni fyrir hugsjónum og stefnumálum Sjálfstæðisflokksins. Var góður rómur gerður að máli formanns og fögnuðu fundarmenn mjög komu hans á stofnfund kjördæmaráðsins.

Síðan tóku til máls Páll Scheving, Vestmannaeyjum, Ingólfur Jónsson, ráðherra og Ársæll Sveinsson, útgerðarmaður, Vestmannaeyjum.

Fundurinn sendi Ólafi Thors, forsætisráðherra, kveðjur og árn aðaróskir.

Að lokum tók hinn nýkjörni formaður kjördæmisráðsins, séra Sigurður S. Haukdal, til máls og hvatti fundarmenn til að treysta hið nýja skipulag flokksins og efla starfsemi hans sem mest í kjördæminu. Þakkaði hann fundarmönnum komuna og sleit síðan fundi.



Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, ræðir við Stefán Arnason í Vestmannaeyjum og fleiri.

Ferðafélagið að hefja sumarleyfisferðirnar

Sumarleyfisferðir Ferðafélagsins hefjast í næstu viku. 4. júlí verður lagt af stað í fjögurra daga ferð um Snæfellsnes og Dalasýslu og gist við Lóndranga, í Stykkishólmi og nálægt Skarði á Skarðsströnd.

Þann 7. verður lagt af stað í tvær ferðir, fjögurra daga ferð um Síðu og Lómagnúp og 9 daga ferð í Vopnafjörð og á Melrakkaslétu. Í fyrri ferðinni verða skoðaðir staðir eins og Eyjafjallasveit, Mýrdalur, Dyrhólaey, Síðan og Fljótshverfið, allt austur að Lómgnúpi. Í lengri ferðinni verður ekið norður og austur á Möðrudalsöræfi, og þaðan til Vopnafjarðar. Þá norð vestur um til Þórshafnar og eftir ferð um Raufarhöfn og Melrakkaslétu, annars um Öxarfjarðarheiði til Ásbýrgis og þaðan um Tjörnesveg til Húsavíkur, Akureyrar, Hóla í Hjalta-

yfir Þingmannaheiði og vestur til Patreksfjarðar og þaðan að Hvallátrum og á Látrabjarg. Þá aftur inn á Barðaströnd á nýja hálandisveginn hjá Pennu og yfir í Arnarfjörð og um Dýrafjörð til Ísafjarðar. Siglt verður um Djúpið einn dag og komið víða. Heim er farið um Þorskafjarðarheiði, Dalasýslu, til Hólmavíkur og gist síðustu nóttina í nánd við Gilsbakka eða Hraunfossa.

Óskjuferðin, sem gert hafði verið ráð fyrir að ekki yrði farið fyrir en í ágúst, verður í júlí og tekur 10 daga. Farið er norður byggðir í Herðubreiðarlindir og í Óskju, vestur um Ódáðahraun niður í Bárðardal og á Sprengisand í Jökuldal og fyrirhuguð ganga á Tungnafellsjökul og um Veidivötnin til Reykjavíkur.

Raflagning á Vesturlandi

AKRANESI, 2. júlí. Tíu manna flokkur raflagningsamanna undir verkstjórn Guðmundar Sæmundssonar er nú að byrja á að leggja raflínur vestur í Reykhólasveit, 25 km vegalengd. Áður höfðu þeir starfað að því í níu daga að gera við raflínuna milli Grafarnes og Ólafsvíkur. Hafa þeir ráðs konu og búa í litlum timburskálum, sem fluttir eru á bílum milli viðlegustaða. Lagning þessarar raflínu mun taka tvo mánuði. Að því loknu byrjar flokkurinn á 30 km langri raflínu suður yfir Fróðarheiði, allt að Stapa. — Oddur.

Slysið í Dýrafirði

Í FRASÖGN Morgunblaðsins þriðjudaginn 26. júní af banaslysinu í Dýrafirði var það mishermt, að slysið hefði orðið morguninn áður, er börn voru að reka kúr á beit. Slysið átti sér stað um kl. 8 að kvöldi, þegar verið var að sækja kúrarnar. —

Eigendaskipti á Reykjavíkur Apóteki

1. JÚLÍ sl. urðu eigendaskipti á Reykjavíkur Apóteki. Scheving Thorsteinsson, lyfsali, sem hefur átt apótekið frá 1919, hefur nú selt það Sigurði Ólafssyni, lyfjafraeðingi.

Sigurður Ólafsson hefur starf að sem lyfjafraeðingur við Reykjavíkur Apótek frá áramótunum 1943—44, en áður var hann læringur í apótekinu. Síðustu árin hefur hann verið yfirlyfjafraeðingur og rekið apótekið í forföllum eigandans.

Sigurður keypti apótekið, en húseignin Austurstræti 16 hefur ekki skipt um eiganda.

Velvakandi

Kurteisisskylda fyrirtækja

Stúlka ein það Velvakanda fyrir þessa athugasemd: „Mikið er um atvinnutilboðsauglýsingar í biðum og útvarpi, ýmist undir dulnefni eða nafni fyrirtækisins. Í þessum auglýsingum er óskað eftir ýmsum persónulegum upplýsingum, sem eðlilegt er. Oft sækja margir um eins og gengur, og er því af skiljanlegum ástæðum

ekki hægt að taka þær allar til greina, en sjálfsagt finnst manni þó, að umsækjendur séu látnir vita, hvort þeir verði ráðnir eða ekki. Er það sú minnsta þjónusta, sem hægt er að fara fram á. Fólk, sem sent hefur inn umsókn um stöðu, kínokar sér við að sækja um annað starf meðan það biður í óvissu. Fyrirtækið lætur umsækjanda ekkert heyra frá sér, og hann kann ekki við að fara að ýta á eftir svári með nýju bréfi. Síðar fréttir hann e. t. v.

eftir dúk og disk, að ráðið hafi verið í stöðuna, en þá getur hann hafa misst af öðru starfi á meðan. Einnig er það sjálf-sögð kurteisisskylda að senda umsækjanda aftur persónulegar upplýsingar, eða þá að láta hann vita, að þær verði geymdar í spjaldskrá fyrirtækisins, ef það hefði hug á að snúa sér til hans síðar, þegar starfsmannvantar að nýju. Fyrirtækjum setti að vera ljóst á þessum velgengnistímum, að fólk vill meiri og betri þjónustu.“

Akureyringur óánægður með íþróttasíðuna

JOB á Akureyri skrifar Velvakanda: „Menn eru hér ekki alls kostar ánægðir með íþróttasíðuna Morgunblaðsins, þar sem hún talar um stuld utanbæjarliðanna af toppliðunum, er virðist byggt á því, að ÍBA vann Vel sl. sunnudag, og Ísfirðingar náðu jafntefli við Akurnesinga. Okkur hér finnst þessi „þjófn-aður“ tiltölulega meinlaus, sam- andorinn við ýmis innbrot þarna syðra, og munum freista hans áfram, meðan hann er ekki formlega kærður sem af-brot.“

Gleppnum stolið

Íþróttafreitaritari Mbl. svarar svo: „Jakob vinur minn Pétursson (JOB) átti sem blaðamaður vel að skilja hvað orðið stuldu innan gæsalappa í fyrrisögu þýðir. En þó svo sé ekki sé ég enga ástæðu til að biðja aðra Akureyringa eða Ísfirðinga afsökunar á notkun orðsins. Ég tel hún skýri sig alveg sjálf. Og Jakob má þá líka „steila gleppnum“ frá mér. A.S.“

